

# Áveitan

12. tbl. 5. árgangur. Desember 2011



## Skötuveisla í Þjósárverri

Nú fer senn að líða að því sem mörgum finnst ómissandi fyrir jólin en það er að fá sér ljúffenga skötu að snæða. Ungmennafélagið Vaka verður sem fyrr með skötuveislu í Þjósárverri á þorláksmessu og hefst veislan kl 12:00. Boðið verður upp á gæða skötu ásamt meðlæti og einnig verður saltfiskur á boðstólnum fyrir þá sem það kjósa. Kaffi og konfekt eftir matinn. Verðinu er stillt í hóf eins og alltaf:

**Fullorðnir 2000 kr**

**Börn 6 – 12 ára 500 kr**

**Börn yngri frítt**

Það er fátt sem jafnast á við það að taka sér smá hvíld frá jólaösinni og borða góðan mat með vinum og nágrönnum. Vonandi sjáumst við sem flest.

Stjórn Umf Vöku



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

### Endurskoðun fjárhagsáætlunar

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt tillaga að breytingu á fjárhagsáætlun ársins 2011.

Í samstæðu A og B hluta er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingu frá samþykktri áætlun 2011:

Heildartekjur hækki um 32.287.000 kr.

Laun og launatengd gjöld hækki um 17.298.000 kr.

Annar rekstrarkostnaður hækki um 13.510.000 kr.

Afskriftir hækka um 1.393.000 kr.

Fjármagnsliðir hækka um 3.347.000 kr.

Rekstrarniðurstaða verður 1.140.000 kr. í stað 4.401.000 kr.

Laun og launatengd gjöld hækka vegna nýrra kjarasamninga en einnig var launakostnaður í Flóaskóla vanmetinn við gerð upphaflegrar fjárhagsáætlunar.

### Tæming rotþróa

Tilboð í tæmingu rotþróa í Flóahreppi voru opnuð í Þingborg 24. október s.l.

Tvö tilboð bárust og eitt frávikstilboð.

Samþykkt var í sveitarstjórn að ganga frá samningi við Holræsa- og stíflubjónustu Suðurlands samkvæmt fyrirbyggjandi tilboði sem hljóðaði upp á 3.865.450 kr.

Tilboðið var hagstætt og ekki er gert ráð fyrir neinni hækkun á álagningu vegna rotþróarhrensunar.

### Álagningarreglur fyrir árið 2012

Sveitarstjórn hefur samþykkt að útsvar verði óbreytt frá fyrra árið eða 14,48%.

Fasteignaskattur er einnig óbreyttur svo og lóðarleiga, vatnsgjald, sorpeyðingargjald og seyrulosunargjald.

Sorphirðugjald fyrir 240 ltr. tunnu verður óbreytt en gjald fyrir 660 ltr. kar og 1100

ltr kar mun hækka. Það er gert með hliðsjón af því gjaldi sem innheimt er fyrir 240

ltr. tunnu miðað við magn en í dag er greitt hlutfallslega mest fyrir minnstu tunnuna.

Eftir lokun á urðunarstaðnum í Kirkjuferjuháleigu er sorp urðað í Álfsnesi. Það hefur umtalsverðan kostnaðarauka í för með sér fyrir sveitarfélagið vegna hærri urðunargjalda og lengri aksturs. Kostnaður Flóahrepps vegna rúlluplasts, brúnu og grænu tunnu hækkar ekki og hagur sveitarfélagsins er því í aukinni flokkun og minnkun á urðunarkostnaði.

Það verður ekki gert nema með aðstoð íbúa sem annast flokkun með miklum ágætum og eru nú orðnir sérfræðingar í flokkun sorps enda fyrsta dreifbýlissveitarfélagið sem

tók upp þriggja tunnu flokkun.

Þeir sem hafa áhuga á að fá minni tunnu undir sorp til urðunar, geta haft samband við skrifstofuna og óskað eftir því. Einnig er hægt að óska eftir stærra kari fyrir endurvinnanlegt sorp en hvorutveggja stuðlar að aukinni nýtingu og minni urðun.

Fasteignaskattur er lagður á í þremur flokkum sem skiptast í eftirfarandi:

**a-flokkur 0,50% af fasteignamati:**

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

**b-flokkur 1,32% af fasteignamati:**

Sjúkrahúsbyggingar, samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn

**c-flokkur 1,35% af fasteignamati:**

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

**Vatnsgjald**

Vatnsgjald verður 0,2% af fasteignamati eignar sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins.

Lágmarksálagning verður 6.000 kr. og hámarksálagning verður 18.000 kr. á íbúðar- og sumarhús.

**Lóðarleiga er 1% af lóðamati.**

**Sorphirðu- og sorpeyðingargjald**

Sorphirðugjald er sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi

- |                    |            |
|--------------------|------------|
| a) 240 lítra tunna | 12.000 kr. |
| c) 660 lítra kar   | 26.260 kr. |
| d) 1100 lítra kar  | 41.144 kr. |

Sorpeyðingargjald:

|                              |            |
|------------------------------|------------|
| Íbúðir                       | 8.800 kr.  |
| Sumarhús                     | 8.800 kr.  |
| Atvinnurekstur iðnaðarhverfi | 19.200 kr. |
| Atvinnurekstur lögbýli       | 10.400 kr. |
| Seyrulosun                   | 7.000 kr.  |

Öll gjöld hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum, 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á fimm gjalddögum, 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september og 1. nóvember.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

**Gjaldskrá fyrir garðslátt**

Samþykkt hefur verið gjaldskrá fyrir garðslátt á vegum vinnuskóla Flóahrepps.

Gjaldskráin gerir ráð fyrir því að sláttur á grasflötum sé 20 kr. pr/fm og að ellilífeyris- og örorkuþegar fá 75% afslátt af gjaldi.

## Fjallskil

Fjallskilareikningar hafa verið sendir út. Vakin er athygli á því að Afréttarmálafélagið hækkaði fjallskil í 50 kr á jarðarþúsund úr 45 kr, 220 kr á heimafé úr 200 kr og 330 kr á fjallfé úr 300.

## Fjárhagsáætlun

Fréttir þennan mánuðinn eru aðallega um tölur og gjaldskrár sem eru ekki endilega þær fréttir sem skemmtilegast er að senda til íbúa en nauðsynlegt engu að síður til upplýsinga.

Þetta er sá tími ársins sem verið er að fjalla um fjárhagsáætlanir og undirbúning þeirra, m.a. álagningu og endurskoðun gjaldskráa.

Það er skemmtilegt verkefni að þússla saman tölum og fá heildstæða mynd á áætlunina sem er stýritæki næsta árs í fjármálum sveitarfélagsins. Með nýjum sveitarstjórnarlögum er gerð meiri krafa en áður til sveitarfélaga að standast áætlanir og vanda til verka og er það vel.

Flóahreppur býr svo vel að vera lítið skuldsettur enda hefur rekstur verið frekar aðhaldssamur. Þó hefur verið farið í umtalsverðar framkvæmdir á undanförunum árum við Flóaskóla án þess að auka skuldsetningu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn er þessa dagana að skoða mögulegar framkvæmdir fyrir næsta ár, bæði nýjar fjárfestingar og viðhaldsvinnu og er markmiðið að taka ekki lán fyrir þeim framkvæmdum sem ráðist verður í.

Það eru ýmis nýmæli í rekstrinum eins og málefni fatlaðra sem hafa verið á vegum sveitarfélaga frá 1. janúar s.l.

Einnig var gerð sú breyting á félagsmálum að þau eru nú í samstarfi sjö sveitarfélaga með einni sameiginlegri velferðarnefnd og einum félagsmálastjóra og tók sú breyting gildi 1. ágúst s.l. eins og áður hefur verið kynnt.

Allt er þetta gert til að auka skilvirkni í þjónustu við fatlaða og þeirra sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda.

Reiknað er með að fyrri umræða um fjárhagsáætlun Flóahrepps verði á næsta fundi sveitarstjórnar, 7. desember n.k.

Fjárhagsáætlun verður sett á heimasíðu Flóahrepps eftir seinni umræðu sem ráðgerð er fyrir jól.



Íbúar og velunnarar Flóahrepps nær og fjær fá innilegar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir gott samstarf á árinu sem nú fer senn að ljúka.

***Sveitarstjórn, sveitarstjóri og starfsfólk skrifstofu Flóahrepps.***

## **Frá UMF Baldri**

### **Þorablótshittingur - annáll**

Sunnudagskvöldið 19. desember næstkomandi klukkan 20:00, ætlum við hjá

UMF Baldri að hittast og fara yfir atburði líðandi árs. Allir þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í þorablótsannáll og undirbúningi þorablóts 2011 eru beðnir um að mæta. Allir sem eru fæddir 1997 og fyrr eru hjartanlega velkomnir.

### **Aðalfundur UMF Baldurs**

Aðalfundur UMF Baldurs verður haldinn í byrjun janúar 2012 með breyttu sniði, líklegast verður um kvöldfund í miðri viku að ræða. Jafnvel verður boðið upp á pizzur og horft á þorablótsannál. Verður nánar auglýst síðar.

### **Þrettándagleði**

Stefnt er að því að halda þrettándagleði UMF Baldurs að venju í byrjun janúar. Nánar auglýst síðar.

### **Þorablót 2011**

Hið sívinsæla þorablót UMF Baldurs og Sandvíkinga verður haldið laugardaginn 28. janúar 2012. Hljómsveitin Stuðlabandið mun leika fyrir dansi að lokinni hefðbundinni skemmtidagskrá. Takið daginn frá, þússið dansskónna og æfið gömlu dansanna. Nánar auglýst síðar.

### **Árgjald Umf. Baldurs**

Ágætu félagar. Minnt er á greiðslu félagsgjalda fyrir árið 2011. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða árgjald kr. 1.000.- Ekki er innheimt árgjald af yngri félagsmönnum. Félagar eru beðnir um að greiða árgjaldið með millifærslu í heimabanka eða hafa samband við banka og biðja um millifærslu. Reikningur Umf. Baldurs er 0586-26-979 kt. 471077-0979. Tilgreina þarf nafn og kennitölu greiðanda. Nánari upplýsingar gefur gjaldkeri, Svanhvít Hermannsdóttir, s. 482-2911 eða [labastadir@emax.is](mailto:labastadir@emax.is)

## JÓLABALL Í ÞINGBORG

Miðvikudaginn 28. desember stendur Kvenfélag Hraungerðishrepps fyrir jólaballi fyrir börn og fullorðna. Ballið er í Þingborg og hefst kl. 14:00. Guðlaug og Vignir sjá um fjörið og jólasveinar koma í heimsókn. Miðaverð 1000 kr. fyrir 13 ára og eldri og 500 kr. fyrir 3 - 12 ára. (Gott að hafa pening frekar en kort)

ALLIR VELKOMNIR

Kvenfélagskonur munið að hafa meðlæti meðferðis. Hlökkum til að sjá sem flesta.

Jólakveðjur, skemmtinefndin.

*E.S Höfum heyrt að jólasveinar verði á sveimi í sveitinni fyrir jól.*

## JÓLAFUNDUR KVENFÉLAGS HRAUNGERÐISHREPPS

Laugardaginn 10. desember kl. 11:00 verður jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps haldinn í Þingborg. Að fundi loknum verður boðið uppá ljúffengann hádegisverð í boði kvenfélagsins. Takið daginn frá og eigum ánægjulega stund saman á aðventunni. Nýir félagar hjartanlega velkomnir.

*Kaffikonur: Guðbjörg Jónsdóttir Læk, Hafdís Hafsteinsdóttir Hæli, Halla Reynisdóttir Reykjaseli, Jónína Einarsdóttir S-Reykjum, Ragnheiður Jónsdóttir L-Reykjum og Svanhvít Hermannsdóttir Lambastöðum.*

Stjórnin.

## Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps:

### Jólaglögg og föndur!

Hið árlega og alveg ómissandi jólaföndur- og glöggkvöld kvenfélagsins verður föstudagskvöldið 9. desember í Félagslundi kl. 20.30. Að venju verður boðið upp á skemmtilegt föndur, og á eftir fáum við okkur jólaglögg að hætti þýskra, sem áreiðanlega rennur ljúflega niður með smákökunum sem þið takið með ykkur að heiman. Mætum allar og eigum saman góða kvöldstund áður en mesta jólaæðið rennur á okkur.

Stjórnin.

## Krakkaborgarfréttir

Í nóvember var margt brallað. Tígradeildin fór í menningarferð í bókasafnið á Selfossi. Þar fengu börnin að hlusta á sögu, skoða jólasýningu í kjallaranum, skoða bækur, málverk og púsl og náðu sér í nokkrar bækur til að taka með í leikskólann. Þetta fannst þeim mjög skemmtilegt og ekki var síður gaman og spennandi að fara í skólabílinn.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur um allt land þann 16. nóvember og er leikskólinn Krakkaborg þar engin undantekning. Bangsarnir fóru í salinn í Þingborg ásamt yngri Tígrum og tóku með sér hristur og slæður og sungu nokkur Krummalög. Strumparnir höfðu einnig Krumma-þema og bjuggu sér til kórónur í tilefni dagsins og skörтуðu þeim og sungu öll Krummalög sem þau kunna.

Eldri Tígrar fóru í skólaheimsókn í Flóaskóla þennan dag og þar unnu börnin nokkur verkefni. Fyrst var æfing með nemendum í 1.bekk og Kolbrúnu tónmenntakennara fyrir hátíðina sem var í Þjórsárveri. Svo var börnunum kynjaskipt og fóru strákar út í verkefni þar á meðan stelpurnar unnu inni. Svo skiptu þau um svæði en úti heyrðu þau söguna um Kampholtsmóra og urðu skemmtilegar umræður í kringum hana ásamt því að fara í leikinn *Hlaupa í skarðið*. Inni unnu þau í vinnubókum og fóru svo saman í samverustund og hlustuðu á söguna um Emil í Kattholti. Að því loknu fóru allir í frímínútur og svo yfir í Þjórsárver og þar sungu þau *Kvæðið um litlu hjónin* með 1.bekk og tókst það mjög vel. Síðan horfðu þau á nokkur atriði til viðbótar og enduðu á að fara í skólabílnum aftur í leikskólann.

Foreldraföndur var haldið þann 23. nóvember en þá var foreldrum boðið að koma og fönndra með börnum sínum ásamt því að fá sér hressingu sem börnin buðu upp á. Kveikt var á jólatrénu fyrir utan leikskólann og sungin nokkur jólalög. Skemmtileg stund sem orðin er árviss viðburður hjá okkur.

Foreldrafélag Krakkaborgar færði leikskólanum góða gjöf tvö saumuð hús sem hægt er að smella yfir borð. Það verður gaman að sjá þegar börnin leika sér með með nýju húsin. Við þökkum Foreldrafélagi Krakkaborgar kærlega fyrir þessa góðu og nytsamlegu gjöf.

Myndir og fleira skemmtilegt er hægt að sjá á heimasíðu leikskólans <http://www.leikskolinn.is/krakkaborg/>

Ekki meira að sinni, kær kveðja  
Rannveig Bjarnfinnsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri.

## Fréttir af frjálsíþróttæfingum eldri

Það er mikið búið að vera um að vera í tengslum við frjálsíþróttæfingarnar sem fara fram í Þingborg á þriðjudagskvöldum og að venju þá hvetjum við alla krakka í 5. – 10. bekk til að mæta.

4.-5. Nóvember fóru 5 krakkar úr sameiginlegu keppnisliði Þjótanda í samæfingabúðir í Þorlákshöfn á vegum frjálsíþróttaráðs HSK. Krakkarnir fóru á eina innanhúsæfingu og í sund á föstudeginum og um kvöldið var pizzaveisla og spilakvöld. Gist var í skólastofu í grunnskólanum og morguninn eftir var önnur æfing úti á íþróttavelli. Krökkunum fannst mjög gaman á samæfingunni og þetta er gott tækifæri til þess að æfa sig og kynnast betur öðrum krökkum sem eru að æfa frjálsar á sambandssvæðinu. Næsta samæfing verður á Selfossi 3. desember og við vonumst til þess að senda fleiri frá okkur á þá æfingu. Þessar æfingar eru ætlaðar fyrir 11 ára og eldri. UMFÍ hefur ákveðið að bjóða félögum á landsbyggðinni að æfa sér að kostnaðarlausu í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal á mánudagskvöldum í vetur. Við ákváðum að nýta okkur þetta tækifæri og fjórir krakkar fóru ásamt þjálfara til Reykjavíkur 21. nóvember. Þar fengum við tækifæri til að æfa spretthlaup og langstökk með atrennu sem við getum ekki æft inni í Þingborg. Æfingin gekk mjög vel og krakkarnir geta ekki beðið eftir að fá að fara aftur. Næsta æfing í Reykjavík verður um miðjan desember en verður nánar auglýst á æfingum og í tölvupósti til foreldra.

Þrjú krakkar frá Þjótanda fóru á Silfurleika ÍR 19. nóvember síðastliðinn og stóðu sig vel. Þetta mót var góð æfing fyrir komandi keppnistímabil. Árangur þeirra var:

|                     |     |              |            |
|---------------------|-----|--------------|------------|
| Eyrún Gautadóttir   | '99 | Þristökk     | 8,29 m.    |
|                     |     | 60 m. hlaup  | 10,06 sek. |
| Sunna Skeggjadóttir | '99 | Þristökk     | 8,43 m.    |
|                     |     | 60 m. hlaup  | 09,86 sek. |
|                     |     | Kúluvarp     | 7,64 m.    |
| Jón Þór Pálsson     | '97 | 60 m. hlaup  | 09,20 sek. |
|                     |     | 200 m. hlaup | 30,96 sek. |
|                     |     | Hástökk      | 1,25 m.    |

Þjálfari

### Kvígur til sölu

Höfum 4 vel ættaðar og efnilegar kvígur til sölu á Brúnastöðum. Tvær þeirra eiga að bera um 20. desember, ein í lok janúar og sú fjórða í febrúar. Áhugasamir hafi samband við Ketil í síma 866-3317 eða Ágúst Inga í síma 899-5494.




## Frá Kvenfélögum Gaulverjabæjarhrepps og Villingaholtshrepps:

### Jólaball

Nú hafa þessi kvenfélög ákveðið að breyta til og hafa sameiginlega jólatrésskemmtun fyrir börnin. Skemmtunin verður haldin í Félagslundu þann 29. desember n.k. Húsið opnar kl. 14.00 og ballið byrjar kl 14.30. Það er gert ráð fyrir að allir sem mæta komi með veitingar með sér á sameiginlegt kökuhlaðborð og ræður hver og einn hvað hann leggur til. Gos kaffi og te verður á staðnum og nammipoki fyrir börnin. Það kostar 500 kr. inn fyrir alla fyrir ofan 6 ára. Dagskrá verður með svipuðu sniði og undanfarin ár hjá kvenfélögunum og vonandi tekst þessi sameining vel þannig að framhald geti orðið þar á.

Um kvöldið verður svo spiluð félagsvist og verður hún einnig í Félagslundu. Hefst hún kl. 20.30. Góðir vinningar verða í boði og enginn vafi á að þar verður góð stemming ef margir mæta.



Með innilegri jólakveðju til allra sveitunga.

**Stjórnir og skemmtinefndir  
kvenfélaganna.**



## Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn miðvikudags-kvöldið 11 janúar klukkan 21:00 í Þingborg. Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir. Kaffi og meðlæti verður selt á staðnum.

Félagsgjöld: Stjórnin vill góðfúslega minna félagsmenn á að greiða félagsgjald síðasta árs sem er 1500 kr. með því að leggja inn á reikning: 0152-05-260163 og kennitala félagsins er 520310 0370.

Heimasíða félagsins: [www.hross.weebly.com](http://www.hross.weebly.com)

Stjórnin

## Fréttir frá Umf. Vöku:

### **Velvakandi kominn út**

Út er komið 75 ára afmælisrit Umf. Vöku, Velvakandi. 15 ár eru síðan blaðið var síðast gefið út og þótti því tími til kominn að endurvekja útgáfuna. Ritið sem er 40 síður hefur að geyma ýmsan fróðleik og skemmtiefni úr starfi félagsins frá stofnun þess árið 1936 og prýtt fjölda mynda. Blaðinu var dreift ókeypis um félagssvæðið, þ.e. Villingaholtshreppinn og til félagsmanna utan svæðis. Öðrum er velkomið að kaupa eintak en það kostar 1000 kr. Þeir sem hafa áhuga á að nálgast eintak geta snúið sér til Fanneyjar á Hurðarbaki formanns ritnefndar, eða einhverra stjórnarmanna. Hægt er að senda blaðið í pósti en þá bætist við póstburðargjald sem er 155 kr. Ritið verður einnig til sölu í skötuveislunni á Þorláksmessu.

### **Aðalfundur Umf. Vöku**

Venju samkvæmt verður aðalfundur Umf. Vöku haldinn 2. janúar kl 20:30 í Þjórsárveri. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf, verðlaunaafhendingar og svo verður myndasýning á frá starfi félagsins árið 2011. Von okkar er að á fundinum skapist fjörlegar umræður um starf félagsins á nýju ári. Veitingar verða í boði ungmennafélagsins á fundinum. Við hvetjum alla til að mæta, bæði gamla og nýja félagi.

Stjónin

### **Hóhóhó...**

Verð á ferðinni um gamla Villingaholtshreppinn ásamt nokkrum bræðrum mínum á aðfangadagsmorgun. Við verðum á sama tímaplani sem hún mamma (Grýla) gerði fyrir okkur í fyrra enda sjaldan gengið eins vel! Verðum á fyrsta bænum um 10 leitið í Súluholtshverfinu. Síðan er það Kolsholtshverfið, Skúfslækjarafleggjarann, niður með Þjórsá og að lokum þræðum við Urriðafossveginn. Stefnum að því að vera búnir að heimsækja alla þæga krakka fyrir klukkan 12.30. Enn og aftur höfum við fengið Hallfríði í Lyngholti með okkur í lið en hún tekur á móti „gjafaóskunum“ fyrir okkur en einnig er hægt að koma þeim til skila í skötuveislunni á Þorláksmessu.

með jólakveðju Giljagaur

*p.s. Þessi frétt er ritskoðuð af ritstýru, hún var óskiljanleg.*

## Árgjöld

**eru ekki örugglega allir að muna eftir að greiða árgjöldin?**

Ég vil minna félagsmenn á að greiða árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2011 sem fyrst. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 700 kr á ári. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra. Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu.

Nauðsynlegt er að hafa greitt árgjald ætli viðkomandi að óska eftir styrk frá félaginu vegna íþróttaiðkunar. Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti [lyngh@emax.is](mailto:lyngh@emax.is)

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Með kveðju, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir gjaldkeri

## Þrettándagleði Umf Vöku

Hin árlega Þrettándagleði Umf Vöku haldin föstudagskvöldið 6. janúar n.k. og hefst skemmtunin stundvíslega klukkan 20:00. Skemmtunin hefst á leikdagskrá úr smíðju ungmennafélaga, þvínæst verður flugeldum skotið á loft og loks verður spilað bingó og góðir vinningar í boði.

Aðgangseyrir er sem hér segir:

Fullorðnir 800 kr

Börn 7 – 12 ára 500 kr

Börn yngri Frítt

Lofum frábærri skemmtun og hlökkum til að sjá ykkur.

Umf Vaka

## Jólakveðja frá Umf Vöku

Stjórn Ungmennafélagsins Vöku óskar öllum félagsmönnum sínum og öðrum velunnurum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Þökkum ánægjuleg samskipti og samstarf á líðandi ári.

**Vantar þig lesefni um jólin?**

**Bókin HSK í 100 ár er til sölu hjá Fanneyju á Hurðarbaki. Lesið um sögu ungmennafélagshreyfingarinnar á Suðurlandi frá upphafi.**

**Einnig eiguleg jólaqjöf. Verð 8.500.**

## *Frá Flóaskóla*

Ljósín á jólatré Flóaskóla voru kveikt þriðjudagsmorguninn 29. nóvember í morgunmyrkri og miklu frosti! Það var Jónatan Mikael Magnússon í 5. bekk sem kveikti á ljósunum þetta árið. Tréð er gjöf frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps og kemur úr skógræktinni þeirra í Skagási. Við kunnum skógræktarfélaginu bestu þakkir fyrir fallett tré en birtan frá því mun ylja okkur þegar við komum í skólann á morgnana nú á aðventunni.

Tímabilið frá skólabyrjun og að jólaleyfinu sem nú nálgast hefur liðið hratt. Skólalífið gengur sinn vanangang við hefðbundið bók- og verknám. Það er þó einnig svo að „venjulegar vikur“ eru eiginlega ekki til í skólanum því mikið er um uppbrot frá hefðbundnum stundaskrá. Það gerist t.d. með ýmsum heimsóknum sem við fáum, vinadögum, þematengdri vinnu á milli bekkja og svo mætti lengi telja. En námið er fólgið í fleiru en að sitja við borð og skrifa og því fögnum við fjölbreyttum tækifærum til að krydda skólalífið og læra hvert af öðru. Eitt af því sem kryddaði nóvembermánuð var „dagur gegn einelti“ – en þann dag stimpluðu nemendur handarfar sitt á plaköt sem nú hanga víða um skólann. Handarfar hvers og eins nemenda er undirskrift hans undir sáttmála gegn einelti sem við höfum einsett okkur að fylgja í skólanum.

Á döfinni eru „jólahríngekjur“ en þá sinna nemendur föndri og bakstri í aldursblönduðum hópum og vinna á mörgum ólíkum stöðvum. Margir búa til hluti sem þeir nota sem jólagjafir eða aðventuglaðning fyrir fjölskyldu og vini – þess vegna koma ekki frekari upplýsingar um það hér svo ég spilli ekki einhverju óvæntu ☺. Jólaskemmtun nemenda verður tvískipt þetta árið. Skemmtun nemenda í 1.-7. bekk fer fram í Þjórsárveri miðvikudaginn 14. desember kl. 13:00 og eru foreldrar, ömmu og afar hvött til að mæta. Skemmtun nemenda í 8.-10. bekk verður fimmtudagskvöldið 15. desember kl. 20:00 í Þjórsárveri og munu þeir nemendur einnig bjóða til sín gestum.

Síðasti kennsludagur fyrir jólaleyfi er mánudagurinn 19. desember. Starfsfólk mætir aftur á fyrsta starfsdag á nýju ári þriðjudaginn 3. janúar. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 4. janúar.

Árið 2011, sem senn líður undir lok, var annasamt ár í Flóaskóla. 10. bekkur hóf nám við skólann í fyrsta sinn haustið 2011. Við höfum notað árið í að koma okkur fyrir í nýrri og glæsilegri byggingu við skólann sem er að nýtast okkur mjög vel í kennslu. Þeir breytingatímar sem við höfum gengið í gegnum við stækkun skólans hafa verið skemmtilegir og gefandi og fært

okkur nýja og spennandi nálgun á allt skólastarf. Breytingatímarnir hafa þó einnig verið annasamir og á tímum mjög krefjandi eins og oft gerist þegar miklar breytingar eiga sér stað. Það sem þó fleytir okkur áfram og ýtir undir gott starf er metnaðarfullt starfsfólk, góður stuðningur frá foreldrum og samfélaginu í heild sinni og kraftmiklir og duglegir nemendur. Það var okkur mikil lyftistöng að sjá árangur nemenda okkar á samræmdum prófum í haust og gefur okkur byr undir báða vængi. Ég óska þess að íbúar Flóahrepps taki fagnandi á móti nýjum tækifærum sem árið 2012 mun færa okkur og að okkur verði áfram gefið að reka góðan skóla í sveitarfélaginu okkar.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla.

Kristín Sigurðardóttir skólastjóri, [kristin@floaskoli.is](mailto:kristin@floaskoli.is), gsm 663-5720.

## **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:**

### **Opið ( jóla) hús**

#### **Kæru kvenfélagskonur!**

Rósa í Mörk ætlar að bjóða okkur í opið hús fimmtudagskvöldið 8. desember n.k. frá kl 8. Við ætlum að hafa pakkaleik eins og við höfum oft verið með í opnu húsi fyrir jólin, þannig að allar hafa með sér einn jólaböggul sem við setjum í púkk, og svo að sjálfsögðu komum við með kökur eða annað meðlæti á kökuborðið.

Mætum nú vel og eigum saman góða stund á aðventunni í góðum félagsskap.

#### **Kæru sveitungar!**

Ég vil benda ykkur á að ég er með jólakort SSK til sölu . Ágóðinn rennur í sjúkrahússjóð eins og undanfarin ár. Málstaðurinn er þarfur og góður. Þið getið haft samband við mig ef þið viljið kaupa kortin og ég kem þeim til ykkar.

kveðja Valgerður, Mjósyndi.

Sími 4863356 eða 8639557.

## Frá Samhygð:

### **Glímuæfingar**

Æfingar eru mánudagskvöldum kl. 20:00 til 21:00. Allir krakkar í 3. bekk og eldri velkomnir. Foreldrum er frjálst að fylgjast með æfingum og hinkra eftir börnunum ef um langan veg er að fara á æfingar. Síðasta æfing fyrir jól verður þann 12. desember og æfingar hefjast aftur á nýju ári mánudagskvöldið 9. janúar.

### **Úrslit af mótum**

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram í Reykholti þann 17. nóvember. Þar kepptu fimm glímumenn frá Baldri, Samhygð og Vöku í fyrsta sinni undir merkjum Þjótanda líkt og tíðkast hefur í frjálsum íþróttum á héraðsmótum HSK undanfarið. Árangur þeirra varð eftirfarandi:

#### **Konur 16 ára og eldri**

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

#### **3 keppendur**

3 v. Fjórðungsmeistari

#### **Meyjar 14-15 ára**

2. Guðrún Inga Helgadóttir

#### **3 keppendur**

1 v.

#### **Stúlkur 12-13 ára**

1. Hanna Kristín Ólafsdóttir

#### **5 keppendur**

4 v. Fjórðungsmeistari

#### **Piltar 12-13 ára**

3. Þorgils Kári Sigurðsson

#### **9 keppendur**

4+2+0 v.

5.-6. Jón Gunnþór Þorsteinsson

1 v.

2. umferð Meistarmóts GLÍ fór fram að Laugum í Reykjadal 12 nóvember. Marín Laufey var þar á meðal keppenda og sigraði í +65 kg flokki kvenna og hafnaði í 3. sæti í opnum flokki kvenna. Mikil spenna er í stigakeppni mótsins og á Marín möguleika á samanlögðum sigri bæði í +65 kg og opnum flokki en úrslit ráðast á lokamótinu sem fer fram í Reykjuvík 3. mars.

### **Árgjald Umf. Samhygðar**

Félagar eru minntir á að innheimta árgjalds Umf. Samhygðar fyrir árið 2011 stendur yfir. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða árgjald 1000 kr. Ekki er innheimt árgjald af yngri félagsmönnum.

Félagar eru beðnir um að greiða árgjaldið með millifærslu á reikning Umf. Samhygðar 152-26-23817 kt. 471077-1359. Tilgreina verður nafn og kennitölu greiðanda. Nánari upplýsingar fást hjá gjaldkera Umf. Samhygðar Hugrónu Geirsdóttir í netfanginu [huggageirs@hotmail.com](mailto:huggageirs@hotmail.com).

## Heimsókn á aðfangadag

Fyrir hádegi á aðfangadag verða góðir gestir á ferð á félagssvæði Samhygðar. Þessir kúnstugu sveinar heimsækja krakka í sveitinni og afhenda þeim jafnvel gjafir. Þeir sem vilja koma sendingu á sveinana síkátu skulu koma henni til Stefáns í Gerðum fyrir aðfangadag.

*Umf. Samhygð óskar félögum og velunnurum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári um leið og við þökkum fyrir samveruna á árinu sem er að líða.*

## Pistillinn

Úr einu í annað. Hollráð og annað röfl

Þegar ég settist niður að sinna þessu verkefni sem vinur minn Helgi í Vorsabæ hafði úthlutað mér hafði ég ný lokið lestri greinar sem kvað á um að stór hluti miðaldra fólks og eldra væri með athyglisbrest og ofvirkni, í það minnsta. Ákvað ég því að hafa pistillinn í nokkrum bútum.

Ofvirkni: Í mínu ungdæmi kallaðist það að vera utan við sig og duglegur, sívinnandi, alltaf að, enda var orkunni beint að vinnu óháð aldri en störfín valin oftast eftir burðum og getu viðkomandi. Nú síðustu tilskipanir frá Brussel banna vinnu fólks fast að tvítugu en þá komast viðkomandi beint á atvinnuleysisbætur.

Tré: Eitt finnst mér skorta í Flóann: tré því finnst mér að íbúarnir eigi að svipast um hver í sínu nágrenni eftir skurðbakka, mýrarfláka eða einhverjum þeim stað sem er ekki beittur niður á fast. Gróðursetji þar nokkur tré á hvurn heimilismann og geri þetta að staðaldri en ekki eins og venjuleg íslensk átök, hættum að reykja, skjaldborg heimilanna, notum smökkinn, sem allir kannast við og talað er um í nokkra daga eða vikur en gleymast svo.

Bráðum koma blessuð jólin: byrja þá ræðuhöldin um mat. Ég hef undanfarin ár verið í átaki við að verða minni, hef því hlýtt á ókjör af fyrirlestrum um mataræði, át og annað því skildu. Ég komst fljótlega að gloppu í kerfinu sem gerir okkur kleift að borða ótæpilega um jólin fram að áramótum. Allar kannanir sýna nefnilega ótvírætt að fólk þyngist miklu miklu meir á milli áramóta og jóla en milli jóla og áramóta....svo njótið jólanna...

Þeim sem hafa haldið athygli og eru ennþá að lesa, óska ég gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Jóhann Sn. Arnarson, Brandshúsum.

Ps. Vil biðja Stínu í Gaulverjabæ að bjarga janúarpistlinum.

Jói

## Hátíðarguðsþjónustur í Flóahreppi

Hátíðarguðsþjónusta verður í Villingaholtskirkju á jóladag kl. 11.00.

Prestur sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.

Organistinn, Ingi Heiðmar Jónsson og kór Villingaholts- og

Hraungerðiskirkju sjá um tónlistarflutning.

Hátíðarguðsþjónusta í Laugardælakirkju á jóladag kl. 14.00.

Prestur sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.

Engin guðsþjónusta verður í Hraungerðiskirkju um jólahátíðina vegna viðgerða.

Jólamessa í Gaulverjabæjarkirkju verður á jóladag 25. desember kl. 14:00.

## Dagskrá mánaðarins

|  |              |
|--|--------------|
| Menningarferð Kvenfélags Gaulverjab.hr     | 3. desember  |
| Menningarferð Kvenfélags Villingah.hr.     | 3. desember  |
| Glímuæfing                                 | 5. desember  |
| Æfing eldri                                | 6. desember  |
| Æfing yngri                                | 7. desember  |
| Opið hús Kvenfélag Villingaholtshrepps     | 8. desember  |
| Jólaglökk og föndur Kvenfélags Gaulverjab. | 9. desember  |
| Jólafundur Kvenfélags Hraungerðishr.       | 10. desember |
| Glímuæfing                                 | 12. desember |
| Æfing eldri                                | 13. desember |
| Glímuæfing                                 | 19. desember |
| Þorablótshittingur í Þingborg              | 19. desember |
| Æfing eldri                                | 20. desember |
| Skötuveisla í Þjórsárveri                  | 23. desember |
| Jólasveinar á ferð í Villingaholtshreppi   | 24. desember |
| Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju  | 25. desember |
| Hátíðarguðsþjónusta í Laugardælakirkju     | 25. desember |
| Jólaball í Þingborg                        | 28. desember |
| Jólaball og spilakvöld í Félagslundi       | 29. desember |
| Þrettándagleði í Þjórsárveri               | 6. janúar    |



Eyrvægi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160